

Fundargerð 26. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2016, þriðjudaginn 4. október kl. 13:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson og Dagbjört Jónsdóttir. Í símasambandi voru Gunnar Þorgeirsson, Árni Eiríksson, Sigrún Hauksdóttir, Gunnsteinn R Ómarsson og Arnar Þór Sævarsson.

Unnur Lára Bryde, Kristín María Birgisdóttir og Nanna Jónsdóttir boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kosning í embætti - 1609003SO

Samkvæmt 10. gr. samþykktu Samtaka orkusveitarfélaga skal stjórn skipta með sér verkum. Lögð fram tillaga um að Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, verði varaformaður og að framkvæmdastjóri samtakanna, Valur Rafn Halldórsson, taki að sér starf ritara og gjaldkera fyrir samtökin.

Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

2. Fjármál samtakanna - 1601003SO

Farið var yfir fjárhagsstöðu samtakanna og Stefán Bogi lagði fram fjórar tillögur varðandi greiðslu til stjórnarmanna, ferðakostnað og greiðslu vegna annarrar vinnu stjórnarmanna fyrir samtökin.

Tillaga 1

Stjórn SO samþykkir að varamenn í stjórn verði boðaðir til allra funda og um greiðslur til þeirra, þóknun fyrir fundarsetu og ferðakostnað, gildi sömu reglur og um aðalmenn í stjórn.

Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga 2

Stjórn SO samþykkir að samtökin greiði ferðakostnað þeirra sem sækja stjórnarfund. Með ferðakostnaði er átt við flug innanlands og leigu- eða bílaleigubíl í Reykjavík eða akstur samkvæmt kílómetrafjölda frá heimili til Reykjavíkur, eða að næsta innanlandsflugvelli, sé flogið þaðan til Reykjavíkur. Stjórnarmenn bera sjálfir ábyrgð á að koma upplýsingum um eigin akstur til starfsmanns SO og skal það gert fyrir næstu mánaðamót eftir stjórnarfund, ellegar fellur réttur til greiðslu ferðakostnaðar niður fyrir þann fund.

Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga 3

Stjórn SO samþykkir að greiða ferðakostnað og dagpeninga til formanns og eftir atvikum til annarra stjórnarmanna sem sækja fundi og aðra viðburði fyrir hönd samtakanna. Skilyrði fyrir greiðslu er að stjórn hafi á fundi, eða meirihluti stjórnar í gegnum tölvupóst, samþykkt viðkomandi ferð.

Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga 4

Stjórn SO samþykkir að greiða fulltrúa samtakanna þóknun fyrir setu í starfshópi innanríkisráðuneytisins um skattlagningu fasteigna veitu- og orkufyrirtækja. Greidd verði sama þóknun og Samband íslenskra sveitarfélaga greiðir fyrir nefndarsetu.

Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

3. Stefnumörkun stjórnar - Samtök orkusveitarfélaga 2014-2016 - 1511003SO

Lögð fram stefnumörkun stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga fyrir árin 2014-2016.

Til kynningar. Endurskoðun stefnumörkunar stjórnar er vísað til vinnufundar stjórnar 10. nóvember nk.

4. Starfshópur til að vinna að endurskoðun á ákvæðum laga um skattlagningu á mannvirki sem flytja orku - 1603002SO

Stefán Bogi fór yfir stöðu á endurskoðun á ákvæðum laga um skattlagningu á mannvirki sem flytja orku en hann situr í starfshópnum fyrir hönd samtakanna.

Til kynningar.

GP yfirgaf fundinn kl. 14:00.

5. Stjórnarfundir 2016-2017 - 1609003SO

Lögð fram tillaga að fundartímum stjórnar 2016-2017.

Eftirfarandi fundartímar samþykktir samhljóða:

10. nóvember 2016 kl. 11:00-15:00.

16. desember 2016 kl. 12:00-13:30.

13. janúar 2017 kl. 12:00-13:30.

24. febrúar 2017 kl. 12:00-13:30.

Stefnt er á vorfund stjórnar í byrjun apríl.

Fundi var slitið kl. 14:30